

Nefndasvið Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Austurstræti 8 - 10

Tilvísun vor: 98.11
Dags.: 16.04.2004

150 REYKJAVÍK

Varðar: **Umsögn og athugasemdir Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003**

Landsvirkjun hefur borist bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 26. mars 2004, ásamt með frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum, mál 740. Fyrirtækið gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið en áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir síðar:

Almenn atriði

Raforkulög voru samþykkt á Alþingi 15. mars 2003 og tóku þau gildi 1. júlí sama ár. Gildistöku 3. kafla laganna, sem fjallar um raforkuflutning, var frestað um ár vegna ósamkomulags milli hagsmunaaðila um skipan mála. Nefnd sem skipuð var af iðnaðarráðherra, svokallaðri 19 manna nefnd, var falið það verkefni að reyna að ná sátt um tilhögun raforkuflutnings undir nýjum raforkulögum og að gera tillögu til iðnaðarráðherra um þá skipan. Tillaga nefndarinnar skyldi skrifuð á forni frumvarpsdraga. Frumvarp það um breytingu á raforkulögum frá 15. mars 2003, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi og hér er til umfjöllunar, er í öllum meginatriðum samhljóma þeim frumvarpsdrögum sem nefndin skilaði af sér til iðnaðarráðherra.

Landsvirkjun átti fulltrúa í 19 manna nefndinni og átti þess því kost að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á þeim vettvangi. Fulltrúi Landsvirkjunar skrifaði undir nefndaráliðið og frumvarpsdrögin án fyrirvara. Það er því ljóst að Landsvirkjun styður frumvarpið í öllum meginatriðum. Íslenska raforkukerfið er mjög smátt í sniðum og því hefur það verið sjónarmið Landsvirkjunar að hagkvæmast og einfaldast sé að rafflutningskerfi landsins sé best komið á einni hendi og að kerfisstjórnun eigi að vera á þeirri sömu hendi. Landsvirkjun telur einnig æskilegt að stofnað verði hlutfélag um flutninginn og að þau félög sem eiga og reka flutningsvirki við stofnun þess leggi þau inn sem hlut í flutningsfélagið. Það einfaldi reksturinn og auki vonandi samstöðu um rekstur flutningsfélagsins. Frumvarpið setur meginreglur í raforkuflutningi en einstakar greinar frumvarpsins á eftir að skýra nánar í reglugerðum. Mikilvægt er að vinnu við reglugerðir verði hraðað svo túlkunaróvissu verði aflétt svo sem unnt er áður en hlutfélag um raforkuflutning tekur til starfa 1. janúar 2005.



Athugasemdir við einstakar greinar og ákvæði frumvarpsins

7. grein

Huga þarf vel að því við samningu flutningsgjaldskrár og reglugerða að ekki skapist óöryggi eða ójafnvægi á þeim raforkumarkaði sem fyrir hendi er. Hér þarf sérstaklega að gæta að þeim fjárhagslegu hagsmunum sem felast í langtímasölusamningum við stóriðjufélög. Einnig þarf að gæta þess að markaður fyrir ótryggt rafmagn, sem nemur nú um 450 GWst á ári, tapist ekki vegna hækkunar á flutningskostnaði þess rafmagns.

Ákvæði til bráðabirgða IX

Nýr texti í ákvæðinu hljóðar svo: *Jafnframt skal að því stefnt að aukin hækkun arðsemisviðmiða geti haldist í hendur við hagræðingu svo ekki þurfi að koma til gjaldskrárhækkunar af þeim sökum.* Landsvirkjun hefur ítrekað bent á að væntanlegu flutningsfélagi sé nauðsynlegt að hafa þann lágmarksarð af eignum sínum er tryggi fjárhagslegar forsendur fyrir eðlilegu viðhaldi og endurnýjun flutningsvirkja. Skortur á viðhaldi og endurnýjun flutningsvirkja er nú eitt aðaláhyggjuefni raforkuiðnaðarins á Vesturlöndum en talið er að rekja megi stórfelldar bilanir í raforkukerfum landa og álfa sem orðið hafa á undanförunum misserum fyrst og fremst til ónógrar fjárfestingar. Landsvirkjun hefur einnig bent á að óraunhæft sé að ná fram stóraukinni arðsemi flutningsfélagsins með innri hagræðingu einni saman án þess að til komi hækkun flutningsgjaldskrár. Eigi sex prósentu arðsemismarkmið að nást án gjaldskrárhækkunar þarf rafmagnsflutningur um flutningskerfið að aukast verulega án nýrra fjárfestinga, auk þeirrar aukningar á arðsemi sem innri hagræðing getur skilað.

Virðingarfyllt

Friðrik Sophusson
forstjóri